

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hólmavíkurbreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús, hver pokaeyning (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 6.000. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna hversrar viðbótar-pokaeyningar kr. 3.000. Veita skal afslátt, kr. 3.000, hverju heimili sem gerir samning við sveitarfélagið um nýtingu á lífrænum úrgangi. Heimilt er og að veita afslátt, kr. 3.000, þeim heimilum öðrum þar sem sorp er að jafnaði minna en hálf pokaeyning (einn poki hálfsmánaðarlega).
- B. Lögbýli greiði kr. 5.000.
- C. Sumarhús greiði kr. 2.000.
- D. Fyrirtæki, stofnanir, félag og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
1	8.000
2	16.000
3	32.000
4	48.000
5	72.000
6	128.000
7	200.000
8	352.000

Hreppsnefnd skipar aðilum í gjaldflokka m.a. eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 149/1997 fyrir sorphirðu í Hólmavíkurbreppi í Strandasýslu.

Umhverfísráðuneytinu, 7. apríl 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.